

HEIMKYNNIN HINUMEGIN

I

Porfyrios, lærisveinn Plótíns, spekings mikils, sem kenndi fræði sín í Rómaborg, á 3. öld vors tímatala, segir frá því, að egypskur prestur kom til meistarans og bauð að sýna honum fylgiveru hans (daimón). Þá Plótín það, og fóru þeir síðan í hof þar í borginni, er helgað var gyðjunni Isis. Sá einn staður þótti egypska prestinum nógu hreinn. Sáú þeir þar fylgiveruna, og reyndist þá ekki daimón (vættur) heldur guð (þeos). Sé ég ekki ástæðu til að rengja þessa frásögn, þaræð ég hefi sjálfur reynslu fyrir því, að með tilstyrk góðs miðils, má fá samband við veru, sem ekki er neinn framliðinn af vorri jörð. En egypski presturinn var þarna miðill, en Plótín stillti til sambandsins (stillilögmálið, law of determinants.)

Atburður þessi varð spekingnum efni í ritgerð, sem er fróðleg mjög, en allmyrk á köflum. Ritgerðin heitir; peri tú eilekhtos hemas daimonos: um daimón þann, sem oss hefir hlotið, en Taylor lætur þetta þýða: um þann daimón, sem vér höfum hlotið, og virðist það varla geta verið rétt þýðing. Í 6. kafla ritgerðar þessarar (Enn. III, IV, 6.), er sumt það, sem ég hygg að telja megí með því allra fróðlegasta, sem ritað hefir verið á grísku. Plótín ræðir um forlög sálnanna, og segir, að þeim, sem upp á við leita (ekki eru „jarðbundnir“), megí skipta í tvo flokka. „Sumar verða í hinum skynjanlega heimi,“ segir hann, „en sumar fyrir utan skynheiminn. Þær, sem eru í skynheiminum, eru annaðhvort á sólinni eða einhverri annarri reikistjörnu“; — menn héldu á þeim tímum, að sólin væri reikistjarna, — „en þær, sem eru fyrir utan skynheiminn, eru á fastastjörnunum“ (eða nákvæmar þýtt: „í hvolfi eða hinna óreikulu stjarna“), „og fer það eftir hugarfari hveurrar einnar hér á jörðu.“

II

Kenningin um, að sálir framliðinna fari til stjarnanna, er komin alla leið frá Pýþagóراسi höfuðspekingi, og eftir honum hefir Platón tekið hana upp í Timaios, þar sem hann beinlínis talar um, að sálin ferðist til þeirrar stjörnu, sem er henni samstillt, og fái þar bústað. En Plótín bætir fróðlega við. Hann segir, að þær sálir, sem ekki eru á reikistjörnunum eða sólunni, það er að segja, þær sálir, sem lenda fyrir utan sólhverfið, séu í ósýnilegum heimi, og virðist það að vísu undarlega að orði komist, að kalla fastastjörnurnar ósýnilegan heim, en jarðstjörnurnar sýnilegan; en þó er í þessu orðalagi eftirtektarverður sannleikur fólgin, þar sem menn sjá ekki, héðan af jörðu, jarðstjörnur þær, sem slöngvast kringum fastastjörnurnar. Og á jarðstjörnunum er það, sem framliðnir fá bústað, en ekki á sólunum (fastastjörnunum). En Plótín vissi ekki, að slíkar jarðstjörnur eru til, og er það því nokkuð eftirtektarverð bending, að hann skuli samt komast svona rétt að orði. Og má geta þess til, að hann hafi nú einmitt haft þennan fróðleik frá veru þeirri, sem egyptski presturinn sýndi honum.

Þar sem Platón talar um astron synnomon: stjörnu, þar sem ráði sömu lög, þá ritar Plótín astron to symfónon: stjarna, sem er í samræmi við hugarfar hins framliðna.

III

Undir lok fornaldarinnar virðist þessi kenning heimspekinganna um framhald lífsins á stjörnunum, hafa verið orðin almennings eign, eða réttara sagt, nokkurs konar skrípamynd af þeirri kenningu. Menn héldu, að sálir framliðinna færu til tunglsins. Minnir þetta mig á það, hvernig Einar heitinn Jochumsson fann að því við mig eitthvert sinn, að ég væri að kenna, að sálir manna kæmu eftir dauðann fram á Mars, þó að mér hafi slíkt aldrei til hugar komið. Kristin kirkja útrýmdi trúnni á stjörnurnar sem bústaði framliðinna, ásamt mörgum öðrum spaklegum kenningum fyrri vitringa, og Flammarion segir í sínu mjög merkilega riti, *Death and its Mystery* (leyndardómur dauðans, þýðing

Carrolls, III; s. 379), að í elstu prédikunum megi oft sjá það brýnt fyrir mönnum, að sálir framliðinna fari ekki að byggja tunglið: nec in lunam incolant (þannig).

Flestir hafa á síðari tímum verið mjög sljóir gagnvart framhaldslífskenningu hinna fornu spekinga. Til dæmis má nefna gáfaðan og lærðan þýskan prest, Robert Falcke, sem segir frá kenningu Platóns um lífið eftir dauðann, án þess að minnst einu orði á þetta aðalatriði þeirrar kenningar, að bústaðir framliðinna séu á stjörnunum. Hvergi hefi ég heldur séð á þetta minnst, þar sem ritað er um kenningar nýplátóninga. Og þegar þessi mikli fræðimaður og ritsnillingur, Gaston Boissier, getur um pening, sem Marcus Árelíus keisari lét slá til minningar um konu sína, og þar sem stendur, að tekið hafi verið á móti henni á stjörnunum — sideribus recepta — þá segir hann, að þar standi, að tekið hafi verið á móti henni á himnum.

IV

Svona sannfærðir hafa menn verið um það, að kenningin um að menn lifðu eftir dauðann áfram á stjörnunum, væri ekki annað en hégómi. Og þó er þetta einmitt hin rétta kenning, og þarna er einmitt sá sannleikur, sem mönnum ríður alveg sérstaklega mikið á að vita.

Það er mjög ihugunarvert, að þessa kenningu má rekja til Pýþagórasar, því að hjá honum og hans skóla var svo merkilega mikið af réttum skilningi á heiminum. Og gæti menn að því, hversu ólíklegt það er, að þessi höfuðkenning grískrar speki, að framhald lífs vors sé á stjörnunum, sé röng. Það hefir sýnt sig, að þessar höfuðkenningar hinna grísku spekinga um heiminn og lífið, sem menn gáfu lítinn eða engan gaum í 2000 ár og lengur, eru flestar réttar. Þær koma einmitt heim við aðalkenningar nútímans í náttúruvísindum. Anaximander kenndi, að landdýrin væru komin af sjávardýrum og maðurinn af dýrum. Enginn vísindamaður efast nú um, að það sé rétt. Og til skamms tíma var Demokrit, með sína atomkenningu jafnvel á undan eðlisfræðingum og efnafræðingum vorra tíma, því að frumeindir

(atom) Demokrits eru bersýnilega sama sem rafeindir (electrons) J. J. Thomson's, en jafngilda ekki atomum Daltons og seinni efnafræðinga, og þykir mér líklegt, að vísindamenn hafi veitt þessu merkilega atriði eftirtekt, þó að ekki hafi ég séð þess getið. Og bráðum fara menn að sjá, að hin gríska speki hefir einnig rétt fyrir sér með kenningunni um framhald lífsins á stjörnunum, þeirri kenning, sem mönnunum ríður svo afar mikið á að þekkja. Því að lendingin á hinni fjarlægðu strönd, verður auðveldari, ef menn þekkja hana. Hinum lengra komnu, sem aðstoða hina framliðnu, verður auðveldara að veita þeim hjálp, sem í þessu aðalatriði vita rétt. Og mjög miklum krafti er beitt frá öðrum stjörnum, til þess að reyna að koma fram hinum rétta skilningi hér á jörðu. Þetta kemur mjög greinilega fram í ritum spíritista. Til dæmis má nefna bókina Blue Island, sem ég hefi ritað um áður, og þar sem ritstjórinn mikli, W. T. Stead, er að reyna að koma dóttur sinni í skilning um, að hann eigi heima á jörð, sem snýst í kringum bláleita sól (s. 34). Ef mig misminnir ekki, þá sýnir frásögnin, að nokkur ár hafa liðið svo, að Stead áttaði sig ekki á því, að hann var kominn á aðra stjörnu, og mun þá hafa haldið, að hann væri á einhverju andaheims tilverustigi, slíku, sem margir trú á, meðan sannleikurinn sigrar ekki.

Annar merkilegan ritstjóra, Björn heitinn Jónsson ráðherra, hefi ég heyrt segja frá því, fyrir miðilsmunn, að tvö ár hafi liðið frá því hann andaðist og þangað til hann vissi, að hann var kominn á aðra stjörnu. Hermann heitinn Jónsson var stillirinn: fyrir áhrif frá honum á miðilinn fékkst sambandið, og við hann var talað.

Annað rit, þar sem er greinileg viðleitnin á að koma fram skilningnum á því, að hinir himnesku bústaðir eru á stjörnunum, er hin stórmerkilega andaheimslýsing eftir G. Vale Owen, sem hann kallar The life beyond the veil. Vale Owen segir í þessu riti frá því, sem hann kallar hina miklu framsókn (The great advance); en aldrei tekst honum að skilja, að þessi framsókn miðar einmitt að því að vitka oss hér á jörðu þannig, að vér, og aðrar fjölmargar jarðir í geimnum,

sem eru á svipuðu tilverustigi, séum ekki sú fyrirstaða, sem framför heimsins strandar á. Og hingað til hafa tilraunir mínar til þess að hjálpa þessum mjög merka manni, ekki borið sýnilegan ávöxt. Má af því marka, hversu þungt er fyrir, því að lýsingar Vale Owens á högum framliðinna verða að botnleysu, ef það væru ekki lýsingar á lífinu á öðrum stjörnum. Og oft lýsir hann af mikilli snilld mjög stórkostlegum og furðulegum byggingum, sem eru einmitt stöðvar fyrir sambandið við aðrar stjörnur: stations for interstellar communication, slíkar, sem vér munum fá eftirmyndir af hér á jörðu eftir nokkur ár, ófullkomnar að vísu, þegar miðað væri við fyrirmyndirnar, en fegri þó og tilkomumeiri en nokkrar byggingar, sem áður hafa verið reistar á vorri jörð. Jarðstjörnum þeim, sem byggðar eru, má skipta í tvo aðalflokka; eru í öðrum stjörnunar, þar sem þekking er á sambandinu, og eigi einungis það, heldur samgangur milli stjarnanna; en í hinum flokknum eru úthverfin, útjaðar vitheims, þar sem menn gera sér ýmiskonar trúarbrögð og hjátrú af þeim fyrirburðum, sem stafa af sambandinu við aðrar stjörnur, en vita ekki, að slíkt samband á sér stað. En það eru hin mestu aldaskipti í sögu hvernar stjörnu, þegar mannkynið þar uppgötvar lífið á öðrum stjörnum og kemst á leið ávallt vaxandi sambands og eilífra framfara.

24.—30. ág. '24